



Kópavogur, 16. október 2025.

Umsögn á starfsáætlun leikskóla Kópavogs

Leikskóli: Álfabeiði

Ágæti leikskólastjóri

Starfsáætlun uppfyllir viðmið Menntasviðs, Leikskóladeildar

Allar starfsáætlanir leikskóla ásamt umsögn foreldraráðs eru lagðar fyrir leikskólanefnd til staðfestingar. **Starfsáætlun leikskólans Álfabeiðar uppfyllir viðmið Menntasviðs, Leikskóladeildar og hefur verið samþykkt af leikskólanefnd.**

Eftir fyrri yfirllestur starfsáætlunarinnar fannst leikskólaráðgjafa vanta upplýsingar um hvað kom út úr viðhorfskönnun starfsfólks og einnig hvernig vinna gengi með innleiðingu farsældarlagana. Stjórnendur brugðust hratt við þeirri fyrirspurn og sendu inn uppfærða starfsáætlun sem innihélt þær upplýsingar.

Ef óskað er eftir nánari umræðu/leiðbeiningu um einstaka þætti í starfsáætlun er velkomið að hafa samband við deildarstjóra/leikskólaráðgjafa.

Sigrún Hulda Jónsdóttir, deildarstjóri Leikskóladeildar Menntasviðs

Meðfylgjandi er nánara leiðsagnarmat um starfsáætlun leikskólans.



Viðmið um mat á gæðum

Leikskóladeild hefur eftirlit með gæðum leikskólastarfs í Kópavogi. Við yfirlestur starfsáætlana eru notuð viðmið um mat á gæðum í leikskólastarfi sem gefið var út af Reykjavíkurborg 2014¹.

Einnig er nýttur kvarði sem þróaður var í tengslum við viðmiðagerðina og er hann eftirfarandi:

Dökkgrænn:	Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu á gæðastarfi. Sumir þættir eru öðrum til eftirbreytni.
Ljósgrænn:	Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi, styrkleikar fleiri en tækifæri til umbóta.
Gulur:	Verklagi ábótavant, uppfyllir viðmið um gæðastarf að sumu leyti en einhverjir mikilvægir þættir þarfnast umbóta. Tækifæri til umbóta fleiri en styrkleikar.
Appelsínugulur:	Margir mikilvægir þættir uppfylla ekki viðmið um gæðastarf.

Niðurstaða: **Dökkgrænn, Ljósgrænn, Gulur, Appelsínugulur.**

¹ [Viðmið um gæðastarf í leikskólum | Reykjavíkurborg \(reykjavik.is\)](http://reykjavik.is)



Leikskóli: Álfaheiði

Dagsetning yfirferðar: 15. september 2025.

Starfsáætlun	Dökkgrænn, Ljósgrænn, Gulur, Appelsínugulur	Athugasemdir
Inngangur		Mjög metnaðarfullur inngangur stjórnenda um þær áherslur og áskoranir sem voru í skólanum á síðastliðnu skólaári. Starfsfólk skólans á mikið hrós skilið fyrir þeirra mikla umburðarlyndi, jákvæðni og þolinmæði sem þau sýndi í þeim erfiðu aðstæðum sem sköpuðust þegar þau þurftu að flytja hluta barnanna í Skátaheimilið meðan unnið var að lagfæringu vegna myglu.
Leiðarljós		Einkunnarorð skólans eru „ <i>Deilum gildum okkar til að skapa betri heim</i> “ sem tengist vel við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna en með hann að leiðarljósi er grunnur lagður lífsmenntakennslunnar í skólanum.
Innra mat leikskólans 2024-2025		Innra mati leikskólans er gerð góð skil og er ánægjulegt að sjá að hlustað er á raddir barna í matinu.
Ytra mat leikskólans 2024-2025 Viðhorfskönnun foreldra		Viðhorfskönnun foreldra og starfsfólks var framkvæmd á vormánuðum á vegum Skólapúlsins. Umbótaáætlun vegna viðhorfskönnunar foreldra er vel fram sett og fylgir með starfsáætlun.
Ytra mat leikskólans 2024-2025 Viðhorfskönnun starfsfólks		Niðurstöðu úr viðhorfskönnunar starfsfólks er gerð góð skil og er ánægjulegt að sjá að starfsfólk upplifir minna vinnuálag, gott samstarf í leikskólanum og góðan starfsanda.
Umbótaáætlun leikskólans		Ítarleg umbótaáætlun fylgir með í tengslum við viðhorfskönnun foreldra
Áherslur í starfi leikskólans		Áherslur næsta starfsárs eru gerð góð skil. Skólinn er réttindaskóli UNICEF og er unnið með heimsmarkmiðin í skólanum en stjórnendur telja samt þörf á að auka meðvitund um tengingu starfsins við heimsmarkmiðin.



		• Fullmóta á læsisstefnu skólans á næsta skólaári. • Fullmóta á málstefnu skólans á skólaárinu. • Á næsta skólaári verður áhersla á að innleiða breytingar á aðalnámskrá. • Áhersla verður á að leggja lokahönd á að endurnýja skólanámskrá skólans. • Fram kemur að áhersla verður á að efla enn frekar nýtingu Hæfniramma í íslensku fyrir börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn á næsta skólaári. • Innleiðing farsældarlagana er í góðum farvegi í skólanum. • Samkvæmt starfsáætlun er Lausnarteymi skólans virkt. • Börnin ákváðu á lýðræðislegan hátt hvernig fjármunum í verkefninu „Okkar leikskóli“ yrði varið.
Próunar- og nýbreytnistarf		Próunar- og nýbreytnistarfi eru gerð góð skil og mun næsta skólaár vera helgað því að festa enn frekar í sessi því sem hafið er
Foreldrasamstarf		Foreldraráð og foreldrafélag er starfandi við skólann. Fram kemur hvernig upplýsingar berast til foreldra en ekki er tilgreint hvernig foreldrar eru upplýstir hverjir sitja í ráðinu.
Starfsfólk		Samsetning starfsmannahópsins eru gerð góð skil og má sjá að stöðugleiki er í starfsmannahópnum. Tveir kennarar eru að láta af störfum vegna aldurs og hafa ekki fengist kennarar í þær stöður en leiðbeinendur munu sinna því þetta skólaárið.
Símenntunaráætlun		Er vel framsett þar sem skilgreint er viðfangsefni á deildarfundum, deildarstjórafundum og skipulagsdögum svo fátt eitt sé nefnt.
Skipulagsdagar		Skipulagsdögum eru gerð góð skil þ.e. hvaða viðfangsefni verður á hverjum degi fyrir sig.
Aðrar upplýsingar		Vel er fram sett hversu mörg börn verða í skólanum næsta leikskólaár ásamt aldursskipting þeirra hve mörg börn eru með fjölbreyttan tungumála - og menningarbakgrunn ásamt dvalartími barna og hvernig sérkennslu er háttað.
Húsnæði og lóð		Fram kemur ósk um viðhald.



Öryggismál		Við skólann er starfandi öryggisráð og áfallaráð.
Lokaorð		Fram kemur hverjar áherslur verða í starfi skólans næsta skólaár í inngangi.
Fylgigögn		Fylgigögn eru: ➤ Umbótaáætlun vegna foreldrakönnunar ➤ Símenntunaráætlun 2025 – 2026 ➤ Leikskóladagatal 2025 – 2026 ➤ Umsögn foreldraráðs
Umsögn foreldraráðs		Foreldráð gefur góða umsögn með starfsáætluninni.